

S A M Þ Y K K T**103**

30. sept.

**um viðauka við byggingarsamþykkt Siglufjarðarkaupstaðar nr. 85,
frá 23. desember 1927.**

Aftan við 48. gr. samþykktarinnar bætist nýr liður sem verður 11. tölu-
liður svo hljóðandi:

Öll hús eða húshlutar skulu fullgerð að utan innan 2ja ára eftir að þau
eru tekin til notkunar.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar hefir samið og
samþykkt er hér með staðfest samkvæmt 15. gr. laga nr. 58, 28. nóvember 1919
til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga
að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. september 1935.

Haraldur Guðmundsson.

Páll Pálmason.

**Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir minningarsjóð sra. Björns Björns-
sonar, prests í Laufási, útgefin á venjulegan hátt, ad mandatum, 5. október 1935.**

SKIPULAGSSKRÁ**104**

5. okt.

fyrir Minningarsjóð síra Björns Björnssonar prests í Laufási.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins 500 kr., er gjöf til Svalbarðsstrandarhrepps frá frú Ingi-
björgu Magnúsdóttur, til minningar um mann hennar. Skal vöxtum sjóðsins
varið til styrktar sjúkum, eða til hjúkrunarstarfsemi í Svalbarðsstrandarhreppi,
eftir þeim reglum, sem hér eru settar.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera á vöxtum í Landsbanka Íslands. Ennfremur má verja
honum til kaupa á rikisskuldabréfum, bankavaxtabréfum eða jarðræktar-
bréfum.

3. gr.

Allir vextir leggjast árlega við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn það
stór að hann gefi 100 kr. í vexti á ári, en þá má verja $\frac{4}{5}$ hl. vaxtanna til styrktar